

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1046

Dagsetning: 12. nóvember 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ) í gegnum fjarfundarbúnað, sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 5. nóvember 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Gæðakerfi

Rætt var um kaup á gæðakerfi út frá fyrirliggjandi minnisblaði. Samþykkt var að kaupa kerfi og auglýsa stöðu gæðastjóra.

### 4. Persónuverndarmál

Rætt var um tillögu frá ARTA um yfirferð yfir persónuverndarmál hjá stofnuninni. Einnig var rætt um aðrar lausnir sem gætu komið til greina, þar með talið að ráðinn verði lögfræðingur til starfa á skrifstofu HH. Málið verður skoðað áfram.

### 5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Ákveðið var að halda ekki sérstaka vísindaferð fyrir sálfræðinema að þessu sinni heldur bjóða þeim eins og öðrum nemendum á Nemadag HH. Þá var ákveðið að fela mannauðssviði að sjá um veitingar fyrir litlu jólin á skrifstofu HH.

### 6. Auglýsing eftir þjónustustjóra

Rætt var um að vinna auglýsingu fyrir starf þjónustustjóra fyrir eina eða fleiri heilsugæslustöðvar. Framkvæmdarstjórn samþykkti að fela mannauðsstjóra að vinna málið.

## 7. Aðkeypt verkefni

Umræður um fjármögnun á verkefni þar sem gervigreind er notuð til að auðvelda læknum að fylla inn upplýsingar í sjúkraskrá. Einnig var rætt um kaup á efni fyrir námskeið sem HH gæti boðið skjólstæðingum upp á.

## 8. Ófjármagnaðar einingar HH

Rætt var um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar, Heilaörvunarmiðstöðvar og geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum. Búið er að tryggja fjármögnun að hluta út árið en áfram þarf að vinna að samningum við SÍ um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar og Heilaörvunarmiðstöðvar. Fjármögnun geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum hefur verið tryggð.

## 9. Greiðslur fyrir bílastæði

Rætt var um hvernig hægt væri að greiða fyrir bílastæði starfsfólks sem þarf mikið að fara á fundi úr húsi til að draga úr vinnu við utanumhald og endurgreiðslur.

## 10. Fangelsi á Hólmsheiði

Rætt var um kostnað við þjónustu við fanga og fjármögnun þjónustunnar.

## 11. Samningur um rannsóknarþjónustu

Rætt var um samning við Landspítalann um rannsóknarþjónustu. Ljóst er að kostnaður við þjónustuna mun aukast á næsta ári og mikilvægt að kanna allar leiðir til að halda kostnaði niðri.

## Aðgerðir og verkefni

- Ganga þarf frá kaupum á gæðakerfi og auglýsa stöðu gæðastjóra, sjá lið 3.  
Ábyrgð: RÓE
- Fylgja þarf eftir ákvörðunum um vísindaferð og litlu-jólin á skrifstofu HH, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SKP
- Ljúka þarf vinnu við auglýsingu fyrir starf þjónustustjóra, sjá lið 6.  
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf áfram að fjármögnun ófjármagnaðrar starfsemi, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SDM og HP
- Halda þarf áfram vinnu við að semja um rannsóknarþjónustu, sjá lið 11.  
Ábyrgð: HP

Fundi var frestað klukkan 10:00. Fundi fram haldið 14. nóvember 2024 klukkan 14:30. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 16:20.